

REGLUGERÐ

um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu.

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og almennar meginreglur.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup á vörum, verkum og þjónustu.

Með reglugerðinni er kveðið á um sameiginlegar reglur um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laga um opinber innkaup.

2. gr.

Orðskýringar.

Að teknu tilliti til séreinkenna þeirrar starfsemi sem fellur undir gildissvið reglugerðarinnar skal merking orða í reglugerð þessari vera í samræmi við orðskýringar í 2. gr. laga um opinber innkaup.

Kaupandi: Opinber aðili skv. 3. gr., opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar, skv. 4. gr., sem fara með starfsemi á sviði gass eða hita, raforku, vatns, flutningaþjónustu, hafnar- eða flugvallarmála, pósthjónustu eða olíu- og gasvinnslu eða vinnslu á öðru eldsneyti í föstu formi, sbr. 8.-14. gr.

Tilskipunin (veitutilskipunin): Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016.

3. gr.

Opinberir aðilar.

Opinberir aðilar eru ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og aðrir opinberir aðilar, skv. 2. mgr. Samtök sem þessir aðilar, einn eða fleiri, hafa með sér geta einnig talist til opinberra aðila.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

- Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af árlegum rekstrarkostnaði.
- Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
- Hann lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meirihluta.

4. gr.

Opinber fyrirtæki og aðrir aðilar sem starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar.

Reglugerðin tekur til opinberra aðila, skv. 3. gr., og opinberra fyrirtækja sem fara með starfsemi á sviði gass eða hita, raforku, vatns, flutningaþjónustu, hafnar- eða flugvallarmála, pósthjónustu eða olíu- og gasvinnslu eða vinnslu á öðru eldsneyti í föstu formi, sbr. 8.-14. gr.

Opinbert fyrirtæki samkvæmt reglugerð þessari er hver sá aðili sem opinberir aðilar geta haft, beint eða óbeint, ráðandi áhrif á vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem um það gilda.

Ráðandi áhrif skulu teljast vera fyrir hendi þegar opinberir aðilar, beint eða óbeint:

- eiga meirihluta skráðs hlutfjár í fyrirtæki,
- ráða yfir meirihluta atkvæða sem tengjast hlutfjáreign í fyrirtæki, eða
- hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækis.

Reglugerðin tekur einnig til annarra aðila sem fara með starfsemi sem fellur undir 8.-14. gr., og starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem opinberir aðilar hafa veitt þeim.

Fyrirtæki skulu teljast starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar, þegar þeim hefur verð veittur slíkur réttur á grundvelli laga- eða stjórnsýslufyrirmæla, sem takmarka starfsemi, skv. 8.-14. gr. við einn eða fleiri aðila og hafa veruleg áhrif á möguleika annarra aðila á því að stunda slíka starfsemi. Þó skulu réttindi sem hafa verið veitt með opinberri og gagnsærri málsmeðferð, þar sem veiting réttindanna byggist á hlutlægum viðmiðunum, ekki teljast vera sérstök réttindi eða einkaréttur í þessum skilningi.

5. gr.

Samningar sem reglugerðin tekur til.

Reglugerðin tekur til vöru-, þjónustu- og verksamninga um fjárhagslegt endurgjald sem einn eða fleiri kaupendur skv. 4. gr. gera við eitt eða fleiri fyrirtæki og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu sem fellur undir gildissvið reglugerðarinnar. Slíkir samningar skulu ávallt gerðir skriflega.

Til verksamninga teljast samningar sem hafa að markmiði framkvæmd, eða bæði hönnun og framkvæmd, verka sem tengjast einhverri þeirri starfsemi sem um getur í I. viðauka tilskipunarinnar eða verks, eða hvers konar framkvæmd verks sem svarar til krafna sem settar eru fram af kaupanda sem hefur afgerandi áhrif á gerð eða hönnun verksins.

Til vörusamninga teljast samningar sem hafa að markmiði kaup, leigu eða fjármögnunarleigu, með eða án kaupréttar, á vörum. Samningur sem felur í sér tilfallandi ísetningu eða uppsetningu vöru telst vörusamningur.

Til þjónustusamninga teljast samningar sem hafa að markmiði veitingu þjónustu annarrar en þeirrar sem um getur í verksamningum skv. 2. mgr.

6. gr.

Blandaðir samningar sem varða sömu starfsemi.

Samningar, sem falla undir reglugerðina og varða í senn tvær eða fleiri tegundir innkaupa, þ.e. á verkum, þjónustu eða vörum, skulu gerðir í samræmi við ákvæði sem gilda um þá tegund innkaupa sem einkennir meginefni samnings.

Þegar um er að ræða blandaða samninga sem varða að hluta félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu, skv. X. kafla reglugerðarinnar, og að hluta aðra þjónustu, eða blandaða samninga, sem varða að hluta þjónustu og að hluta vörur, skal ákvarða hvert meginefni samningsins er út frá því hvor viðkomandi þjónustubátta hefur hærra áætlað verðmæti eða hvort áætlað verðmæti þjónustu- eða vöruþáttarins er hærra.

Þegar um er að ræða samninga sem fjalla um innkaup sem falla undir reglugerðina auk innkaupa sem ekki falla undir hana, getur kaupandi valið á milli þess að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta þeirra eða gera einn stakan samning. Þegar kaupandi ákveður að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða reglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna viðkomandi hluta. Þegar kaupandi ákveður að gera stakan samning skal reglugerðin gilda, nema kveðið sé á um annað í 31. gr., um þann blandaða samning sem til verður, óháð verðmæti þeirra hluta hans sem myndu annars falla undir aðrar reglur og óháð því hvaða lagareglur þeir hlutar myndu annars falla undir. Þegar um er að ræða blandaða samninga sem innihalda í senn þætti vöru-, verk- og þjónustusamninga og sérleyfa, skal blandaði samningurinn gerður í samræmi við reglugerðina að því tilskildu að áætlað verðmæti þess hluta sem fellur undir reglugerðina, reiknað út í samræmi við 17.-23. gr., sé jafnhátt eða hærra en viðeigandi viðmiðunarfjárhæð sem sett er fram í 15. gr.

Þar sem ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti, skal ákvarða hvaða reglur eigi við á grundvelli meginefnis samningsins.

7. gr.

Innkaup sem taka til margs konar starfsemi.

Kaupandi getur, þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi, kosið að gera aðskilda samninga vegna hverrar starfsemi fyrir sig eða gert einn stakan samning. Þegar kaupandi ákveður að gera aðskilda samninga skal ákvörðunin um það hvaða reglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli einkenna þeirrar starfsemi sem í hlut á.

Þrátt fyrir 6. gr. gilda eftirfarandi 4. og 5. mgr. þegar kaupandi ákveður að gera stakan samning. Ef ein hlutaðeigandi starfsemi fellur undir reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála gildir hins vegar 32. gr.

Standi valið á milli þess að gera einn samning eða nokkra aðskilda samninga skal slíkt val þó ekki hafa þann tilgang að komast hjá beitingu reglugerðarinnar, lögum um opinber innkaup eða reglugerð um gerð sérleyfissamninga.

Þegar einn stakur samningur er gerður, sem tekur til margs konar starfsemi, skal fara eftir þeim reglum sem gilda um þá starfsemi, sem telst vera meginviðfangsefni samningsins.

Þegar um er að ræða samning þar sem ekki er hægt að ákvarða á hlutlægan hátt hvaða starfsemi er meginviðfangsefni samningsins skal eftirfarandi gilda:

- a. Samningurinn skal gerður í samræmi við ákvæði laga um opinber innkaup ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir reglugerðina og hin starfsemin undir almennar innkaupareglur laga um opinber innkaup.
- b. Samningurinn skal gerður í samræmi við reglugerð þessa ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir reglugerð þessa og hin starfsemin undir reglugerð um gerð sérleyfissamninga.
- c. Samningurinn skal gerður í samræmi við reglugerðina ef önnur þeirrar starfsemi sem samningnum er ætlað að ná yfir fellur undir reglugerðina og hin starfsemin fellur hvorki undir innkaupareglur laga um opinber innkaup, reglugerðina né reglugerð um gerð sérleyfissamninga.

II. KAFLI

Starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa.

8. gr.

Gas og hiti.

Að því er varðar gas og hita gildir reglugerðin um eftirtalda starfsemi:

- a. Að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á gasi eða hita.
- b. Að afhenda gas eða hita til slíkra veitukerfa hvort sem það er vegna framleiðslu, heildsölu eða smásölu.

Þegar kaupandi, sem er ekki opinber aðili skv. 3. gr., afhendir gas eða hita til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki falla undir 1. mgr. ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a. Gas- eða hitaframleiðsla viðkomandi kaupanda er óhjákvæmileg afleiðing af starfsemi sem ekki er getið um í 1. mgr. þessarar greinar eða í 9.-11. gr.
- b. Afhending til almenningsveitukerfisins miðar einungis að því að hafa hagnað af slíkri framleiðslu og nemur ekki meira en 20% af veltu kaupanda miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

9. gr.

Raforka.

Að því er raforku varðar gildir reglugerðin um eftirtalda starfsemi:

- a. Að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við raforkuframleiðslu, raforkuflutning eða rafveitu.
- b. að afhenda raforku til slíkra veitukerfa hvort sem það er vegna framleiðslu, heildsölu eða smásölu.

Þegar kaupandi, sem ekki er opinber aðili skv. 3. gr., afhendir raforku til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki falla undir 1. mgr. ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a. Framleiðsla viðkomandi kaupanda á raforku á sér stað vegna þess að notkun hennar er nauðsynleg til að stunda starfsemi sem ekki er getið um í 1. mgr. þessarar greinar eða 8., 10. og 11. gr.
- b. Afhending til almenningsveitukerfisins er einungis háð eigin notkun kaupandans og hefur ekki farið yfir 30% af heildarframleiðslu hans á orku miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

10. gr.

Vatn.

Að því er vatn varðar gildir reglugerðin um eftirtalda starfsemi:

- a. Að bjóða fram eða starfrækja föst veitukerfi sem eiga að þjóna almenningi í tengslum við framleiðslu, flutning eða dreifingu á drykkjarvatni.

b. Að afhenda drykkjarvatn til slíkra veitukerfa, hvort sem það er vegna framleiðslu, heildsölu eða smásölu.

Reglugerð þessi gildir einnig um samninga sem eru gerðir eða hönnunarsamkeppnir sem eru skipulagðar af kaupanda sem hefur með höndum starfsemi sem um getur í 1. mgr. sem varða eitt af eftirfarandi:

a. Verkefni í tengslum við vatnsvirkjun, áveitu eða framræslu, að því tilskildu að magn vatnsins, sem afhenda á sem drykkjarvatn, sé meira en 20% af heildarvatnsmagninu sem er gert aðgengilegt með slíkum mannvirkjum eða áveitu- og framræslubúnaði.

b. Förgun eða hreinsun skólps.

Þegar kaupandi, sem ekki er opinber aðili skv. 3. gr., afhendir drykkjarvatn til fastra veitukerfa sem þjóna almenningi skal sú starfsemi ekki falla undir 1. mgr. ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a. Framleiðsla viðkomandi kaupanda á drykkjarvatni á sér stað vegna þess að notkun þess er nauðsynleg til að stunda starfsemi sem ekki er getið um í 8.-11. gr.

b. Afhending til almenningsveitukerfisins er einungis háð eigin notkun kaupandans og hefur ekki farið yfir 30% af heildarframleiðslu hans á drykkjarvatni miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára, að yfirstandandi ári meðtöldu.

11. gr.

Flutningaþjónusta.

Reglugerðin gildir um starfsemi í tengslum við framboð eða starfrækslu á kerfum sem þjóna almenningi á sviði flutninga með járnbrautum, sjálfvirkum kerfum, sporvögnum, strætisvögnum, hópbífreiðum eða togbrautum.

Í flutningaþjónustu telst vera um kerfi að ræða þegar þjónusta er veitt samkvæmt rekstrarskilyrðum sem yfirvöld setja, svo sem varðandi þær leiðir sem þjónustan er veitt á, sætaframboð og ferðatiðni.

12. gr.

Hafnir og flugvællir.

Reglugerðin gildir um starfsemi sem tengist nýtingu landsvæðis í þeim tilgangi að sjá aðilum, sem flytja farm í lofti eða á sjó, fyrir flugvöllum og höfnum, eða veita aðra stöðvaraðstöðu.

13. gr.

Póstþjónusta.

Reglugerðin gildir um starfsemi sem tengist veitingu:

a. Póstþjónustu.

b. Annarrar þjónustu en pósthjónustu, að því tilskildu að slík þjónusta sé veitt af aðila, sem veitir einnig pósthjónustu í skilningi laga um pósthjónustu, og að skilyrðin, sem sett eru í 1. mgr. 39. gr. eigi ekki við.

14. gr.

Olíu- og gasvinnsla.

Reglugerðin gildir um starfsemi í tengslum við nýtingu landsvæða þar sem vinna á olíu eða gas eða leita að eða vinna kol eða annað eldsneyti í föstu formi.

III. KAFLI

Viðmiðunarfjárhæðir.

15. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir.

Reglugerðin gildir um innkaup á vöru, þjónustu eða verki, er varðar starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa skv. II. kafla, þar sem áætlað verðmæti án virðisaukaskatts er jafnt eða meira en eftirfarandi:

a. 64.779.000 kr. þegar um er að ræða vörusamninga og þjónustusamninga og einnig þegar um er að ræða hönnunarsamkeppni.

b. 808.914.000 kr. þegar um er að ræða verksamninga.

c. 150.299.000 kr. þegar um er að ræða þjónustusamninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu sem talin er upp í XVII. viðauka.

Innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr. skal bjóða út innanlands sem og á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við þau innkaupaferli sem nánar er kveðið á um í reglugerðinni.

16. gr.

Innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum.

Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum skal kaupandi ávallt gæta að hagkvæmni og meginreglum um jafnræði, gagnsæi og banni við mismunun.

17. gr.

Útreikningur virðis samnings.

Við útreikning á áætluðu virði samnings skal miða við þá heildarfjárhæð sem kaupandi mun greiða fyrir innkaup, að frátöldum virðisaukaskatti. Við þennan útreikning skal taka tillit til heildarfjárhæðar, þar á meðal hvers konar valkvæðra ákvæða og hugsanlegrar framlengingar samnings sem kveðið er á um í útboðsgögnum.

Ef kaupandi hyggst bjóða þátttakendum í innkaupaferli verðlaunafé eða aðrar aukagreiðslur skal taka tillit til þess við útreikning á áætluðu virði samnings.

Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send til opinberrar birtingar eða þegar kaupandi hefst handa við innkaupaferli þegar ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.

Óheimilt er að skipta upp verki eða innkaupum á vöru og/eða þjónustu í því skyni að innkaup verði undir viðmiðunarfjárhæðum, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Þegar kaupandi skiptist í aðskildar skipulagseiningar skal taka tillit til áætlaðrar heildarfjárhæðar innkaupa allra eininga. Ef skipulagseining ber sjálfstæða ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum tegundum þeirra má áætla verðmæti þeirra án tillits til heildarinnkaupa kaupandans.

18. gr.

Útreikningur virðis verksamninga.

Við útreikning á áætluðu virði verksamnings skal miða við kostnað við verkið auk áætlaðs heildarverðmætis vöru og þjónustu sem kaupandi lætur fyrirtæki í té, að því tilskildu að það sé nauðsynlegt við framkvæmd verksins.

19. gr.

Útreikningur virðis vörusamninga.

Þegar um er að ræða samninga um fjármögnunarleigu, leigu eða kaupleigu á vöru skal reikna virði með eftirfarandi hætti:

- Þegar samningur er tímabundinn til 12 mánaða eða skemur skal miða við heildarsamningsfjárhæð. Þegar samningur er bundinn til lengri tíma skal miða við heildarfjárhæð auk virðis vöru við lok samningstímans.
- Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

20. gr.

Útreikningur virðis þjónustusamninga.

Þegar um er að ræða tryggingarþjónustu skal miða virði samnings við fjárhæð iðgjalda og aðra þóknun sem greidd er. Þegar um er að ræða banka- og fjármálaþjónustu skal miða við þóknun umboðslauna og vaxta auk annarra greiðslna. Þegar um er að ræða samninga um hönnun skal miða við fjárhæð gjalda, umboðslauna og aðra þóknun sem greidd er.

Þegar um er að ræða samninga þar sem heildarfjárhæð er ótilgreind skal reikna virði út með eftirfarandi hætti:

- Þegar samningur er gerður til 48 mánaða eða skemmri tíma skal miða við áætlaða samningsfjárhæð allan gildistíma samningsins.
- Þegar samningur er ótímabundinn eða óvíst er hver samningstíminn verður skal miða við heildargreiðslur samkvæmt samningnum í 48 mánuði.

21. gr.

Innkaup sem skipt er upp.

Þegar innkaupum á fyrirhuguðu verki eða þjónustu er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga skal miða við samanlagt virði allra samninganna. Sama á við þegar innkaupum á vöru af svipaðri tegund er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga. Sé samanlagt virði allra samninganna yfir viðmiðunarfjárhæðum skal líta svo á að verðgildi hvers og eins samnings sé einnig yfir viðmiðunarmörkum.

Þrátt fyrir að heildarvirði samninga sem greinir í 1. mgr. sé yfir viðmiðunarfjárhæðum er heimilt að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð allra samningshluta ef áætlað verðmæti viðkomandi samningshluta, án virðisaukaskatts, er lægra en 12.023.000 kr. vegna vöru eða þjónustu og 150.299.000 kr. vegna verks.

22. gr.

Útreikningur virðis viðvarandi eða endurnýjanlegra vöru- og þjónustusamninga.

Þegar um er að ræða viðvarandi samninga eða samninga sem endurnýja á innan tiltekins tíma skal reikna áætlað virði út með eftirfarandi hætti:

- a. annaðhvort með hliðsjón af heildarfjárhæð áþekkra samninga á undangengnu fjárhagsári eða síðustu 12 mánuðum, að teknu tilliti til breytinga á magni og verði fyrir næstkomandi 12 mánuði,
- b. eða með hliðsjón af áætluðum kostnaði fyrir næstu 12 mánuði, eða lengra tímabil ef því er að skipta, frá því að vara eða þjónusta er fyrst innt af hendi.

Óheimilt er að nota sérstakar aðferðir við útreikning í því skyni að komast hjá útboðsskyldu.

23. gr.

Áætlun virðis rammasamninga, gagnvirkra innkaupakerfa og nýsköpunarsamstarfs.

Þegar um er að ræða rammasamning eða gagnvirkt innkaupakerfi skal miða virði við heildarfjárhæð allra samninga, án virðisaukaskatts, sem áætlað er að gera á gildistíma rammasamnings eða gagnvirkis innkaupakerfis.

Þegar um er að ræða nýsköpunarsamstarf skal miða virði við áætlað hámarksverðmæti rannsókna og þróunarstarfsemi, án virðisaukaskatts, á öllum stigum fyrirhugaðs samstarfs, auk verðmætis vöru, þjónustu eða verka sem þróuð verða og keypt í lok samstarfs.

IV. KAFLI

Undanþáguákvæði.

24. gr.

Endursala eða leiga til þriðja aðila.

Reglugerðin gildir ekki um samninga sem gerðir eru vegna endursölu eða leigu til þriðja aðila, ef kaupandi nýtur hvorki sérstakra réttinda né einkaréttar til að selja eða leigja það sem efni samningsins nær til og að öðrum aðilum sé frjálst að selja eða leigja það sem efni samningsins nær til með sömu skilmálum og kaupandi.

Kaupandi skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, ef óskað er eftir því, um flokka vöru eða starfsemi sem hann telur að sé undanskilin skv. 1. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA getur birt reglulega í EES-viðbæti skrá yfir flokka vöru og starfsemi sem hún telur að þessi undantekning taki til. Eftirlitsstofnun EFTA skal virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem kaupandi bendir á þegar hann afhendir upplýsingarnar.

25. gr.

Samningar gerðir í öðrum tilgangi en að inna af hendi starfsemi sem fellur undir reglugerðina eða framkvæmdir utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Reglugerð þessi gildir ekki um samninga sem kaupandi gerir í öðrum tilgangi en að inna af hendi starfsemi sem lýst er í II. kafla reglugerðarinnar eða í þeim tilgangi að inna af hendi slíka starfsemi í þriðja landi við skilyrði sem fela ekki í sér efnislega notkun kerfis eða landsvæðis innan Evrópska efnahagssvæðisins, né gilda þeir um hönnunarsamkeppnir sem skipulagðar eru í slíkum tilgangi.

Kaupandi skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, ef stofnunin óskar eftir því, um flokka vöru eða starfsemi sem hann telur að sé undanskilin skv. 1. mgr. Eftirlitsstofnun EFTA getur birt reglulega í EES-viðbæti skrá yfir flokka vöru og starfsemi sem hún telur að þessi undantekning taki til. Eftirlitsstofnun EFTA skal virða öll viðkvæm sjónarmið, viðskiptalegs eðlis, sem kaupandi bendir á þegar hann afhenda upplýsingarnar.

26. gr.

Samningar gerðir á grundvelli milliríkjasamninga eða af alþjóðastofnun.

Reglugerðin gildir ekki um samninga sem kaupanda er skylt að gera eða hönnunarsamkeppnir sem honum er skylt að skipuleggja í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í reglugerðinni, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

- a. Með samningi eða samkomulagi sem felur í sér þjóðréttarskuldbindingu, þ.e. alþjóðasamningi sem gerður er í samræmi við EES-samninginn, milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu vegna verkefna sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega.
- b. Af alþjóðastofnun.

Sérhvern samning eða samkomulag sem um getur í a-lið 1. mgr. skal senda til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Reglugerðin gildir ekki um samning eða hönnunarsamkeppni sem skipulögð er í samræmi við reglur um innkaup sem kveðið er á um af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun, ef slík stofnun fjármagnar að öllu leyti viðkomandi samning eða hönnunarsamkeppni. Þegar um er að ræða samning eða hönnunarsamkeppni sem er fjármögnuð að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar koma sér saman um viðeigandi innkaupaferli.

Ákvæði 33. gr. gilda um samning sem gerður er og hönnunarsamkeppni sem skipulögð er í samræmi við alþjóðlegar reglur og varða varnir og öryggi. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki eiga við um slíkan samning eða hönnunarsamkeppni.

27. gr.

Sérstakar undanþágur vegna þjónustusamninga.

Reglugerð þessi tekur ekki til þjónustusamninga er varða:

- a. Kaup eða leigu, gegn hvers konar fjárhagslegu endurgjaldi, á jörð, byggingum sem þegar hafa verið reistar eða öðrum fasteignum eða réttindum yfir þeim.
- b. Kaup, þróun og framleiðslu á dagskrárefni fyrir útvarp og sjónvarp eða samninga um útsendingartíma.
- c. Gerðardóma og sáttameðferðir.
- d. Málflutning lögmanns fyrir hönd skjólstæðings eða sáttaumleitan fyrir opinberum stofnunum, dómstólum eða gerðardómi eða fyrir öðrum alþjóðlegum dómstólum eða stofnunum.
- e. Lögfræðiráðgjöf sem veitt er við undirbúning málsmeðferðar skv. d-lið.
- f. Lögfræðiþjónustu sem fjárhaldsmaður eða talsmaður skipaður af dómstól eða undir eftirliti dómstóls veitir lögum samkvæmt.
- g. Vottun skjala og sannvottunarþjónustu sem lögbókandi veitir.
- h. Aðra lögfræðiþjónustu sem tengist beitingu opinbers valds.
- i. Fjármálaþjónustu í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum sambærilegum fjármálagerningum.
- j. Lán, hvort sem þau eru eða eru ekki í tengslum við útgáfu, sölu, kaup eða aðilaskipti að verðbréfum eða öðrum fjármálagerningum.
- k. Vinnu- eða ráðningarsamninga.
- l. Almannavarnir og aðra forvarnaþjónustu gegn hættum sem stofnanir eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, veita, að undanskildum flutningi sjúklinga með sjúkraflutningsþjónustu.
- m. Almenna farþegaflutninga með lestum eða jarðlestum.

28. gr.

Samningar sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar.

Reglugerðin tekur ekki til þjónustusamninga sem gerðir eru við aðila eða félag aðila sem sjálfir teljast kaupendur eða á grundvelli einkaréttar sem þeir njóta samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem eru í samræmi við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

29. gr.

Samningar sem tilteknir kaupendur gera um kaup á vatni og um afhendingu á orku eða eldsneyti til að framleiða orku.

Reglugerðin gildir ekki um eftirfarandi:

- Samninga um kaup á vatni ef þeir eru gerðir af kaupendum sem stunda aðra eða báðar tegundir þeirrar starfsemi í tengslum við drykkjarvatn sem um getur í 1. mgr. 10. gr.
- Samninga sem kaupendur, sem sjálfir eru virkir í orkugeiranum með því að hafa með höndum starfsemi sem um getur í 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr. eða 14. gr., gera um afhendingu á orku eða eldsneyti til orkuframleiðslu.

30. gr.

Varnir og öryggi.

Að því er varðar samninga sem eru gerðir, og hönnunarsamkeppnir sem eru skipulagðar, á sviði varna og öryggis, gildir reglugerð þessi ekki um:

- Samninga sem falla undir gildissvið reglugerðar um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála.
- Samninga sem reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála gildir ekki um, sbr. 10., 21. og 22. gr. þeirrar reglugerðar.

Reglugerðin gildir ekki um samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr., að því marki sem ekki er hægt að tryggja öryggishagsmunum ríkisins með aðgerðum sem ekki ganga eins langt, t.d. með því að setja kröfur sem miða að því að varðveita leynd upplýsinga sem kaupandi lætur í té í útboðsferli fyrir samningsgerð eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

Í samræmi við 123. gr. EES-samningsins gildir reglugerð þessi enn fremur ekki um samninga og hönnunarsamkeppnir, sem annars eru ekki undanþegin skv. 1. mgr. þessarar greinar, ef beiting reglugerðarinnar myndi skylda ríkið til að veita upplýsingar sem það telur andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum.

Ef lýst er yfir að innkaupin eða framkvæmd samnings eða hönnunarsamkeppni séu leynileg eða ef þeim verða að fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir gildir reglugerð þessi ekki ef í ljós kemur að ekki er hægt að tryggja þá hagsmunum sem um getur í 2. mgr., með aðgerðum sem eru minna íþyngjandi.

31. gr.

Blandaðir samningar sem varða sömu starfsemi og snúa að vörnum eða öryggi.

Þegar um er að ræða blandaða samninga sem varða sömu starfsemi og sem fjalla í senn um innkaup sem falla undir reglugerð þessa og innkaup eða aðra þætti sem falla undir 123. gr. EES-samningsins eða reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála gildir ákvæði þessarar greinar.

Þegar hægt er að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti getur kaupandi kosið að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta eða gera stakan samning. Þegar kaupandi ákveður að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða reglur gilda um hvern og einn þessara aðskildu samninga tekin á grundvelli þess sem einkennir meginefni hvers samnings.

Þegar kaupandi ákveður að gera stakan samning, skal beita eftirfarandi viðmiðunum til að ákvarða hvaða reglur eiga við:

- Þegar hluti tiltekins samnings fellur undir 123. gr. EES-samningsins er heimilt að gera samning án þess að beita reglugerð þessari, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlæt看leg á grundvelli hlutlægra ástæðna.

b. Þegar hluti tiltekins samnings fellur undir reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála er heimilt að gera samning í samræmi við þá reglugerð, að því tilskildu að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna.

c. Ákvæði a-liðar skal gilda um blandaða samninga sem bæði a- og b-liður gætu annars gilt um.

Ákvörðun um að gera stakan samning skal ekki tekin í þeim tilgangi að sniðganga ákvæði reglugerðar þessarar eða reglugerðar um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála.

Þegar ekki er hægt að aðskilja mismunandi hluta tiltekins samnings með hlutlægum hætti er heimilt að gera samning án þess að beita reglugerð þessari hafi hann að geyma þætti sem varða 123. gr. EES-samningsins. Að öðrum kosti er heimilt að gera samning í samræmi við reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála.

32. gr.

Innkaup sem taka til margs konar starfsemi og snúa að vörnum eða öryggi.

Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til margs konar starfsemi getur kaupandi kosið að gera aðskilda samninga vegna hverrar starfsemi fyrir sig eða gert stakan samning. Þegar kaupandi ákveður að gera aðskilda samninga fyrir aðskilda hluta skal ákvörðunin um það hvaða reglur gilda um hvern og einn slíkra aðskilinna samninga tekin á grundvelli þess sem einkennir meginefni hvers samnings.

Þegar kaupandi ákveður að gera stakan samning gildir 3. mgr. þessarar greinar. Standi valið á milli þess að gera einn samning og nokkra aðskilda samninga skal slíkt val ekki hafa þann tilgang að samningur falli utan gildissviðs reglugerðar þessarar eða reglugerðar um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála.

Þegar um er að ræða samninga sem ætlað er að taka til starfsemi sem fellur undir reglugerð þessa og sem falla einnig:

- undir reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála eða
- undir 123. gr. EES-samningsins,
- er heimilt að gera samning í samræmi við reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála í þeim tilvikum sem nefnd eru í a-lið og gera samning án þess að beita reglugerð þessari í tilvikum sem um getur í b-lið. Heimilt er að gera samninga sem um getur í a-lið, sem taka einnig til innkaupa eða annarra þátta sem falla undir 123. gr. EES-samningsins, án þess að beita reglugerð þessari.

Skilyrði fyrir beitingu 3. mgr. er að gerð staks samnings sé réttlætanleg á grundvelli hlutlægra ástæðna og að ákvörðunin um að gera stakan samning sé ekki tekin í þeim tilgangi að sniðganga ákvæði reglugerðar þessarar.

33. gr.

Samningar og hönnunarsamkeppnir sem eru í samræmi við alþjóðlegar reglur og snúa að vörnum og öryggi.

Reglugerð þessi gildir ekki um samninga eða hönnunarsamkeppnir er varða varnir og öryggi sem kaupanda er skylt að gera eða skipuleggja í samræmi við önnur innkaupaferli en mælt er fyrir um í reglugerð þessari, sem komið er á með einhverjum eftirfarandi hætti:

- Með alþjóðasamningi eða samkomulagi, milli EES-ríkis og eins eða fleiri þriðju landa eða hluta þeirra og sem tekur til verka, vara eða þjónustu fyrir verkefni sem undirritunaraðilar ætla að framkvæma eða nýta sameiginlega.
- Með alþjóðasamningi eða samkomulagi sem tengist veru herliðs og varðar starfsemi ríkisins eða þriðja lands.
- Af alþjóðastofnun.

Sérhvern samning eða samkomulag sem um getur í a-lið 1. mgr. skal senda til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Reglugerð þessi gildir ekki um samninga eða hönnunarsamkeppnir sem varða varnir og öryggi sem kaupandi gerir í samræmi við reglur um innkaup sem alþjóðastofnun eða alþjóðleg fjármálastofnun kveður á um, ef slík stofnun fjármagnar að öllu leyti viðkomandi samninga eða hönnunarsamkeppni. Þegar um er að ræða samninga eða hönnunarsamkeppnir sem eru fjármagnaðar að mestu leyti af alþjóðastofnun eða alþjóðlegri fjármálastofnun skulu aðilar koma sér saman um viðeigandi innkaupaferli.

34. gr.

Samningar milli opinberra aðila.

Reglugerð þessi tekur ekki til samninga sem gerðir eru við lögaðila á vegum hins opinbera ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- Lögaðili lýtur stjórn opinbers aðila eða sameiginlegri stjórn fleiri en eins opinbers aðila.
- Yfir 80% af starfsemi lögaðilans eru innt af hendi við framkvæmd verkefna sem honum eru falin af þeim opinbera aðila eða aðilum sem hann lýtur stjórn eða öðrum aðilum sem lúta stjórn hinna opinberu aðila.
- Starfsemi lögaðilans er ekki fjármögnuð með beinni fjárfestingu frá einkaaðilum, að undanskilinni einkafjárfestingu, sem krafist er samkvæmt sérlögum og hefur ekki áhrif á stjórn hins opinbera yfir lögaðilanum.

Lögaðili telst lúta stjórn opinbers aðila skv. a-lið 1. mgr. þegar hinn opinberi aðili hefur afgerandi áhrif bæði á skipulag og ákvarðanir lögaðilans. Þá telst lögaðili lúta sameiginlegum yfirráðum opinberra aðila skv. a-lið 1. mgr. ef eftirfarandi skilyrði eru til staðar:

- Lögaðili lýtur sérstakri stjórn sem opinberir aðilar skipa.
- Opinberir aðilar geta sameiginlega haft afgerandi áhrif á skipulag og ákvarðanir viðkomandi lögaðila.
- Lögaðili hefur ekki öndverðra hagsmuna að gæta gagnvart þeim opinberu aðilum sem hann lýtur stjórn.

Reglugerðin tekur ekki til samninga sem gerðir eru milli tveggja eða fleiri opinberra aðila ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- Samningur kemur á eða hrindir í framkvæmd samvinnu milli opinberra aðila sem hefur það markmið að tryggja að opinber þjónusta sem þeir veita nái sameiginlegu markmiði.
- Samvinna þessara aðila varðar almannahagsmunum.
- Þeir opinberu aðilar sem um ræðir annast innan við 20% af starfseminni, sem samvinnan varðar, á almennum markaði.

Við mat hlutfalls á starfsemi skv. b-lið 1. mgr. og c-lið 3. mgr. skal taka tillit til meðalheildarveltu eða annars viðeigandi mælikvarða, svo sem kostnaðar sem viðkomandi aðili hefur stofnað til er varðar þjónustu, vörur eða verk undanfarin þrjú ár fyrir gerð samnings. Ef nauðsynleg gögn liggja ekki fyrir skal mælikvarði fyrir starfsemina metinn út frá viðskiptaáætlun.

35. gr.

Samningar sem gerðir eru við eignatengt fyrirtæki.

Með "eignatengdu fyrirtæki" er átt með sérhvert fyrirtæki sem hefur ársreikninga sem hafa verið felldir inn í samstæðureikningsskil kaupanda í samræmi við kröfur sem fram koma í lögum um ársreikninga.

Ef í hlut eiga aðilar, sem ekki falla undir lög um ársreikninga merkir "eignatengt fyrirtæki" sérhvert fyrirtæki sem:

- getur verið, beint eða óbeint, undir ráðandi áhrifum kaupanda.
- getur beitt ráðandi áhrifum gagnvart kaupanda eða
- er ásamt kaupanda undir ráðandi áhrifum annars fyrirtækis vegna eignarhalds, fjárhagslegrar þátttöku eða reglna sem gilda um það.

Með ráðandi áhrifum í 2. mgr. er átt við sömu merkingu og kemur fram í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. og að því tilskildu að skilyrðum 5. mgr. þessarar greinar sé fullnægt gildir reglugerð þessi ekki um samninga sem:

- kaupandi gerir við eignatengt fyrirtæki eða
- fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrir kaupendur stofna eingöngu í því augnamiði að stunda starfsemi eins og lýst er í 8.-14. gr., gerir við fyrirtæki sem er í eignatengslum við einn af þessum kaupendum.

Ákvæði 4. mgr. gilda um:

- Þjónustusamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins á undangengnum þremur árum, að teknu tilliti til allrar þjónustu sem það fyrirtæki veitir, megri rekja til veitingar þjónustu til kaupandans eða annarra fyrirtækja sem eru í eignatengslum við það,

b. Vörusamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins, að teknu tilliti til allra vara sem það fyrirtæki afhenti, á undangengnum þremur árum, megi rekja til afhendingar vara til kaupandans eða annarra fyrirtækja sem eru í eignatengslum við það,

c. Verksamninga, að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalheildarveltu eignatengda fyrirtækisins, að teknu tilliti til allra verka sem það fyrirtæki framkvæmdi, á undangengnum þremur árum, megi rekja til verka sem framkvæmd eru fyrir kaupanda eða önnur fyrirtæki sem eru í eignatengslum við það.

Begar velta eignatengds fyrirtækis undanfarin þrjú ár liggur ekki fyrir skal nægja að það geti sýnt fram á að tölur um veltu, sem um getur í a-, b- eða c-lið 5. mgr., séu trúverðugar, einkum í ljósi viðskiptaáætlunar.

Ef tvö eða fleiri fyrirtæki, sem eru í eignatengslum við kaupanda og mynda með honum samstæðu, láta í té sömu eða svipaða þjónustu, vörur eða verk, skal hlutfallið reiknað með tilliti til heildarveltunnar af þeirri þjónustu, vörum eða verkum sem þessi eignatengdu fyrirtæki láta í té.

36. gr.

Samningar sem gerðir eru við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða kaupanda sem á hlut að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

Þrátt fyrir ákvæði 34. gr. og að því tilskildu að fyrirtækið um sameiginlegt verkefni hafi verið stofnað með það fyrir augum að inna af hendi viðkomandi starfsemi á a.m.k. þriggja ára tímabili og að kveðið sé á um það í stofnsamningi fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni að kaupendur, sem mynda það, verði aðilar að því í a.m.k. jafnlangan tíma, gildir reglugerð þessi ekki um samninga sem eftirfarandi aðilar gera:

- fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem nokkrir kaupendur stofna eða mynda, eingöngu í því augnamiði að stunda viðskipti sem falla undir 8.-14. gr., við einn af þessum kaupendum eða
- sem kaupandi gerir við slíkt fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem hann er hluti af.

37. gr.

Tilkynning upplýsinga.

Kaupandi skal senda Eftirlitsstofnun EFTA eftirfarandi upplýsingar varðandi beitingu 35. og 36. gr. ef óskað er eftir því:

- Nöfn fyrirtækja eða samstarfsaðila um sameiginlegt verkefni.
- Hvers eðlis viðkomandi samningar eru og verðmæti þeirra.
- Pau gögn, sem Eftirlitsstofnun EFTA telur nauðsynleg, um að tengslin milli fyrirtækis eða fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem samningur er gerður við, og kaupandans standist kröfur 35. gr. eða 36. gr.

38. gr.

Þjónusta tengd rannsóknnum og þróun.

Reglugerð þessi skal eingöngu gilda um þjónustusamninga um þjónustu tengda rannsóknnum og þróun sem fellur undir CPV-kóða 73000000-2 til 73120000-9, 73300000-5, 73420000-2 og 73430000-5 sameiginlega innkaupaorðasafnsins, að því tilskildu að ávinningurinn fari eingöngu til kaupandans til nota í eigin starfsemi og að endurgjald fyrir þjónustuna, sem veitt er, komi eingöngu frá kaupanda.

39. gr.

Undanþága á þeim grundvelli að starfsemi er í beinni samkeppni.

Samningar, sem varða starfsemi sem getið er um í 8.-14. gr., falla ekki undir reglugerðina ef staðfest er með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA að sú starfsemi fari fram í beinni samkeppni á mörkuðum hér á landi og að aðgangur að markaðinum sé ekki takmarkaður.

Kaupandi sem telur að tiltekin starfsemi, sem fellur undir 8.-14. gr., fari fram í beinni samkeppni skv. 1. mgr. skal leggja fram beiðni til Eftirlitsstofnunar EFTA, þar sem sýnt er fram á að skilyrði fyrir undanþágu séu fyrir hendi, um samkeppni á mörkuðum með hliðsjón af landfræðilegum viðmiðunarmarkaði, eiginleikum vöru eða þjónustu, aðgangshindrana, markaðshlutdeildar og öðrum þáttum sem máli geta skipt við matið. Eftirlitsstofnun EFTA leggur mat á framkomna beiðni og eftir atvikum staðfestir með ákvörðun að skilyrði fyrir undanþágu séu fyrir hendi í samræmi við málsmeðferð þar að lútandi.

V. KAFLI
Almennar reglur.

40. gr.

Meginreglur við innkaup.

Gæta skal jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við opinber innkaup. Óheimilt er að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði.

Það telst ekki andstætt jafnræði að áskilja að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á málefnalegum ástæðum.

41. gr.

Meginreglur um þá sem njóta réttar samkvæmt reglugerð þessari.

Fyrirtæki með staðfestu í einhverju ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta réttar samkvæmt reglugerðinni. Þessi fyrirtæki skulu þó ekki njóta lakari réttar en fyrirtæki frá öðrum ríkjum. Réttar samkvæmt reglugerð þessari njóta einnig fyrirtæki frá öðrum ríkjum að því marki sem þau njóta slíkra réttinda á grundvelli milliríkjasamnings sem íslenska ríkið hefur gert.

42. gr.

Trúnaðarskylda.

Kaupanda er óheimilt að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmunum fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim.

Kaupanda er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar sem veittar eru meðan á innkaupaferli stendur.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við ef annað leiðir af fyrirmælum reglugerðarinnar sbr. einkum ákvæði um skyldu til að birta opinberlega tilkynningu um gerð samnings á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 93. gr., og upplýsa þátttakendur og bjóðendur um tiltekin atriði, sbr. 94. gr., sem og skyldu til að veita kærunefnd útboðsmála upplýsingar skv. lögum um opinber innkaup.

Ákvæði 1. mgr. hefur að öðru leyti ekki áhrif á skyldu aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga.

43. gr.

Samningar bundnir við ákveðna hóp.

Heimilt er að takmarka rétt til þátttöku í innkaupaferli við verndaða vinnustaði og fyrirtæki sem hafa það að markmiði að efla félagslega og faglega aðlögun fólks sem þarf á slíkri aðlögun að halda. Jafnframt má áskilja að slíkir samningar fari fram samkvæmt áætlun um verndaða vinnustaði.

Skilyrði fyrir takmörkun skv. 1. mgr. er að a.m.k. 30% starfsmanna á vinnustað eða þeirra sem vinna við framkvæmd samningsins séu með fötlun eða þurfi á aðlögun að halda af félagslegum ástæðum.

Ef innkaup eru yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 15. gr. skal vísa til þessa ákvæðis í útboðsauglýsingu.

44. gr.

Sameiginleg innkaup.

Kaupendum er heimilt að standa sameiginlega að tilteknum einstökum innkaupum í samræmi við reglugerðina.

Þegar kaupandi annast innkaup fyrir sig og fyrir hönd annarra kaupenda eða kaupendur taka þátt í sameiginlegu innkaupaferli bera þeir sameiginlega ábyrgð á að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerðinni.

Sérhver kaupandi ber ábyrgð á að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari vegna samnings sem gerður hefur verið fyrir hans hönd í sameiginlegu innkaupaferli og vegna þess hluta sem hann gerir í eigin nafni.

45. gr.

Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Kaupanda er heimilt að nota miðstýrða innkaupastarfsemi í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins til að bjóða út innkaup á vöru, þjónustu eða verki sem falla undir reglugerðina í samstarfi við Ríkiskaup, erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, eða aðrar miðlægar innkaupastofnanir.

Samkeppniseftirlitinu skal tilkynnt um fyrirhuguð innkaup ásamt rökstuðningi fyrir beitingu heimildar skv. 1. mgr. Með rökstuðningnum skal fylgja samkeppnismat í samræmi við leiðbeiningar Ríkiskaupa. Samkeppniseftirlitið skal veita álit sitt á matinu og taka þar með afstöðu til þess hvort útboðið sé til þess fallið að raska samkeppni á innlendum markaði. Álitið hefur ekki bindandi áhrif á innkaupaferlið. Kaupandi getur lokið útboði óháð niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Um innkaup sem fara fram á grundvelli þessa ákvæðis gilda reglur viðkomandi ríkis m.a. um kærur, gildi innkaupaákvæðana og skaðabætur.

46. gr.

Sameiginlegt innkaupaorðasafn.

Allar tilvísanir til flokkunarkerfa í tengslum við innkaup sem eru yfir viðmiðunarfjárhæðum skv. 15. gr. skulu byggjast á sameiginlega innkaupaorðasafninu (CPV).

47. gr.

Reglur um samskipti og framlagningu gagna.

Öll samskipti og miðlun upplýsinga sem vísað er til í þessari grein skulu að jafnaði fara fram með rafrænum aðferðum. Sá búnaður sem er notaður skal vera almennt aðgengilegur og tæknilegir eiginleikar hans samhæfir við þá upplýsinga- og miðlunartækni sem er í almennt notkun. Búnaðurinn má ekki vera þess eðlis að hann leiði til mismununar fyrirtækja eða takmarki aðgang fyrirtækis að innkaupaferli.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kaupanda ekki skylt að krefjast þess að notaðar séu rafrænar aðferðir við framlagningu gagna ef:

